



Borgarráð

Tilnefning í nefnd um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar á Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. mars 2022 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins, er lagt til við borgarráð að kosin verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi vöggustofanna. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndarmönnum er skylt að leggja fram skrá um hagsmunatengsl sín, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um hagsmunaskráningu embættismanna. Lagt er til að nefndina skipi Kjartan Björgvinsson héraðsdómari sem yrði formaður, Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og fyrrverandi deildarforseti Sálfræðideildar HÍ og Ellý Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi. Starfsmaður nefndarinnar verði Trausti Fannar Valsson lögræðingur og dósent við Háskóla Íslands. Nefndinni verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 10. mars s.l. að kosin verði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins sem reknar voru í Reykjavík á síðustu öld. Líkt og fram kom í samþykkt borgarráðs mun nefndin og starfsmaður hennar hafa aðsetur og afnot af húsakynnum Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem er jafnframt tengiliður Reykjavíkurborgar við nefndina. Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum og verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar við einstaka þætti athugunarinnar. Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir. Nefndarmenn og starfsmaður hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndarinnar er lokið. Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar. Nefndin skal leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar innan mánaðar frá kosningu nefndarinnar, þar sem fram komi meðal annars umfang og áherslur í starfinu, auk áætlaðs kostnaðar sem skal jafnframt yfirfarinn af fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar. Miðað er við að nefndin skili lokaskýrslu sinni til borgarráðs eigi síðar en 31. mars 2023. Borgarráð ákveður þá meðferð sem lokaskýrsla nefndarinnar skal fá. Kjaranefnd Reykjavíkurborgar skal ákvarða laun og önnur starfskjör nefndarmanna. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiðast úr borgarsjóði nema annað sé ákveðið.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri